

AKUREYRARBÆR	
Món.	14.02.2018
Málsnr.	20171260575
Lykille:	01 - 420



Til sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 8. febrúar 2018
Tilv.: SRN18010107/4.11.2

Efni: Uppgjör sveitarfélaga við Brú lífeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016.

Í kjölfar lagabreytinga er vörðuðu samræmingu og jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði og framtíðarskipan lífeyrismála, þykir reikningsskila- og upplýsinganeftnd rétt að koma á framfæri leiðbeiningum um meðhöndlun þessara breytinga í reikningsskilum sveitarfélaga.

Lagabreytingin hefur meðal annars í för með sér að sveitarfélögum ber nú að gera upp reiknaðan framtíðarhalla A-deildar Brúar lífeyrissjóðs, með einskiptisgreiðslu en þessar skuldbindingar hafa ekki verið færðar til bókar í reikningum sveitarfélaga.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráÐuneytið gerði á árinu 2017 breytingu á tveimur reglugerðum er varða reikningsskil sveitarfélaga. Annars vegar með útgáfu á reglugerð nr. 792/2017 um breytingu á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og hins vegar með útgáfu á reglugerð nr. 793/2017 um breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Markmið breytinganna er að tryggja rétta meðhöndlun greiðsína og skuldbindinga sveitarfélaga ásamt því að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga.

Að mati reikningsskila- og upplýsinganeftndar eru ofangreindar breytingar á reglugerðum skýrar varðandi meðhöndlun í reikningsskilum sveitarfélaga. Ástæða þess að nefndinni þykir rétt að senda sveitarfélögum frekari leiðbeiningar um meðhöndlun í reikningsskilunum er sú að í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að uppgjör við Brú lífeyrissjóð fari fram á árinu 2017. Þrátt fyrir að endanlegt uppgjör við Brú lífeyrissjóð hafi dregist til ársins 2018 er það mat nefndarinnar að ákvæði reglugerðar nr. 792/2017 um heimild sveitarfélaga að færa til eignar sem fyrirframgreiðslu framlög við uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs á árinu 2017 vegna reiknaðs framtíðarhalla A deildar sjóðsins gildi þrátt fyrir orðalag um árið 2017. Það er því ekki ástæða til að breyta reglugerðinni. Ákvæði um meðhöndlun fyrirframgreiðslunnar í reikningsskilunum eiga við um meðferð þeirra í reikningsskilum ársins 2018.

Að mati reikningsskila- og upplýsinganeftndar ber því að færa til eignar sem fyrirframgreiðslu framlög vegna Lífeyrissaukasjóðs og Varúðarsjóðs á árinu 2018 en geta um uppgjörið við Brú lífeyrissjóð í skýringum ársreiknings 2017. Þrátt fyrir að eignfærsla þessara skuldbindinga fari fram á árinu 2018 skal eftir sem ádur gjaldfæra á árinu 2017 þann hluta Lífeyrissaukasjóðs og Varúðasjóðs sem telst áfallinn á árinu 2017 í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar þ.e. frá 31. maí 2017 og færa meðal

skammtímaskulda þar til gengið hefur verið endanlega frá fjármögnun vegna uppgjörsins við lifeyrissjóðinn.

Vegna ákvæða um gjaldfærslu Jafnvægissjóðs, þá skulu þau ákvæði standa óbreytt og því ber að gjaldfæra á árinu 2017 þann hluta framlags sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs, þ.e.a.s. Jafnvægissjóð, sem ætlaður er til að gera upp áfallna skuldbindingu sjóðsins í tengslum við uppgjör A deildar sjóðsins.

Ef spurningar vakna vegna efni bréfs þessa er sveitarfélögum bent á að hafa samband við starfsmann reikningsskila- og upplýsinganefndar.

Fyrir hönd reikningsskila- og upplýsinganefndar



Sigurður Guðmundsdóttir
formaður



Eiríkur Benónýsson